

AUGLÝSING

um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar hefur verið ákveðið að biðskylda verði á Tröllateigi fyrir umferð um Jónsteig.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Reykjavík, 21. janúar 2004.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Borgarfjarðarsveit.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt deiliskipulag Ásahverfis í landi Stóra-Áss, Borgarfjarðarsveit.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. hreppsnefndar, 21. janúar 2004.

Linda Björk Pálsdóttir, sveitarstjóri Borgarfjarðarsveitar.

AUGLÝSING

um umferð í Grundarfirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Biðskylda verði á Hrannarstíg gagnvart Nesvegi.

Regla þessi tekur gildi við birtingu hennar.

Sýslumaður Snæfellinga, 26. janúar 2004.

Ólafur K. Ólafsson.